



Fundargerð

4. fundur Velferðarráðs Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 7. nóvember 2024.

Fundinn sátu:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Jón Geir Ólafsson, Auður Eyþórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Sólveig Ólafsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Halldóra St. Kristjónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Bergur Sigfússon, formaður, bauð ráðsmenn og gesti velkomna og setti fundinn klukkan 13.10.

Almenn mál

1. 2411001 - Staða skólamála-grunnskóladeildar

Sveitarstjóri greindi frá því að hann hefði þurft að taka um það ákvörðun með mjög stuttum fyrirvara í samráði við Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu að Félags- og skólaþjónustan tæki við stjórn skólans, þann 25. október síðast liðinn og Halldóra Guðlaug Helgadóttir, yrði settur skólastjóri. Um leið og þetta gerðist var Valgeir J. Guðmundsson, leystur undan störfum sem skólastjóri.

Halldóra Guðlaug Helgadóttir, settur skólastjóri, greindi frá stöðu mála í grunnskóladeild ásamt þeim Sigurlaugu Hauksdóttur frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og Soffíu Vagnsdóttur frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Meðal annars greindi Halldóra frá því að Heimir Jóhannsson og Jón Einar Lambi hafi látið að störfum við skólann. Talsverðar umræður urðu um skólamál.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Fulltrúar XD og óháðra í Velferðaráði beina því til meirihluta sveitarstjórnar Skaftárhrepps að sýna auðmýkt og biðjist afsökunar á gjörðum sínum gagnvart fyrrum starfsmönnum grunnskólans, sem hafa hætt störfum vegna óánægju með stjórnun og eftirfylgni sveitarfélagsins í tengslum við sameiningu leik- og grunnskólans.

Við teljum að afsökunarbeiðni væri mikilvæg til að:

- **Endurreisa traust:** Með því að biðjast afsökunar viðurkennir sveitarfélagið að vinnubrögð og ákvarðanir hafi valdið óánægju og stuðlað að ágreiningi. Þetta væri jákvætt skref til að skapa traust og stuðla að sátt innan skólasamfélagsins.
- **Viðurkenna reynslu og sjónarmið starfsmanna:** Með afsökunarbeiðni sýnir sveitarfélagið að það virði sjónarmið og upplifun fyrrum starfsmanna og metur framlag þeirra til skólastarfsins.
- **Styrkja framtíðarsamstarf og upplýsingagjöf:** Við teljum mikilvægt að afsökunarbeiðni fylgi einnig vilji til að bæta stjórnun, eftirlit og upplýsingaflæði til starfsmanna núverandi og fyrrverandi og skólasamfélagsins í heild.

KE
Shi - H20
AJ GPS
1 SS
BS



- **Skapa fordæmi fyrir gagnsæi og ábyrgð:** Með auðmýkt og afsökunarbeiðni sýnir sveitarfélagið að það sé tilbúið að læra af reynslunni og leggi áherslu á fagleg vinnubrögð í framtíðinni.

Til að efla áhrif slíkrar afsökunarbeiðni hvetjum við sveitarstjórn til að fylgja henni eftir með aðgerðum til úrbóta og betra samráðs við skólasamfélagið, meðal annars með fundum eða samtalsdögum fyrir fyrrum starfsmenn og samantekt á þeim umbótum sem fyrirhugaðar eru. Við teljum að með því að axla ábyrgð á þeim áskorunum sem hafa komið upp geti sveitarfélagið stuðlað að betra vinnuumhverfi og auknu trausti innan skólasamfélagsins sem og sveitarfélagsins.

Undir þessum lið fundarins sátu Halldóra Guðlaug Helgadóttir, settur skólastjóri, Sigurlaug Hauksdóttir frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og Soffía Vagnsdóttir frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

2. 2411002 - Ráðning skólastjóra

Formaður gerði grein fyrir málinu. Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, var mætt til fundarins til að gera grein fyrir sér og störfum sínum. Velferðarráð samþykkir samhljóða að Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, verði ráðin skólastjóri við skóla Skaftárhrepps frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. maí 2025 og vísar þessari ákvörðun til sveitarstjórnar til staðfestingar.

3. 2405012 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

Formaður gerði grein fyrir málinu, vegna breytinga á reglum um Ungmennaráð Skaftárhrepps. Lagðar eru fram breytingar á 1.gr. og 3. gr. þar sem Íþrótt- og tómsfundanefnd breytist í Velferðarráð. Lögð er fram breyting á 2.gr. þar sem fyrirkomulagi um val í ráðið er breytt og aldur ráðsmanna færður í 12 til 18 ára. Velferðarráð samþykkir framlagðar breytingar og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.


ASJ
SHI
AK
GS
2
BS



4. 2411003 - Samkeppni um listaverk

Formaður gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir að fela formanni ráðsins og sveitarstjóra að auglýsa eftir tillögum um veggskreytingu á framhlið íþróttahúss að utanverðu í samráði við fagaðila.


Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15.21.


Bergur Sigfússon


Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir


Gunnar Pétur Sigmarsson


Jón Geir Ólafsson


Auður Eypórsdóttir


Sveinn Hreiðar Jónsson


Sólveig Ólafsdóttir